

# EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

## 9. stjórnarfundar EBAK 9. janúar 2019.

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Egill Jónsson og Birgir Björn Svavarsson.

**Fjarverandi:** Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir.

- 1. Fundarsetning.** Formaður setti fund.
- 2. Fundargerð** stjórnar EBAK nr. 8. frá 12. des. 2018 yfirfarin og afgreidd með smávægilegum breytingum.  
Halldór og Hallgrímur lögðu fram eftirfarandi bókun varðandi ritun fundargerða stjórnar EBAK:  
Fundurinn leggur áherslu á að vinna við frágang og skil á fundargerðum stjórnar taki mið af þeim reglum sem samþykktar voru á stjórnarfundum EBAK 31. okt. 2018 (sjá möppur stjórnarmanna). Mikilvægt er að stjórnarmenn hafi fundargerðir tiltækar sem fyrst að fundi loknum vegna starfa sinna á milli funda.
- 3. Skráning** í dagbók í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd. Enginn kom til Hauks 12. des. Birgir var 19. des. Hringt var vegna inngöngu tveggja nýrra félaga í EBAK. Viðvera á skrifstofu næstu miðvikudaga:  
9. janúar: Halldór; 16. janúar: Dóra; 23. janúar: Egill; 30. janúar: Garðar.
- 4. Næsti stjórnarfundar EBAK** ákveðinn 30. janúar kl. 13 – 15.

Aukafundur stjórnar EBAK eða FKR með uppstillinganefnd 16. janúar nk. kl. 13.

### 5. Verkefni milli stjórnarfunda.

- a) Þann 12. des. 2019 barst í tölvupósti fundarboð til formanns og varaformanns EBAK frá Huldu Sif Hermannsdóttur aðstoðarmanns bæjarstjóra Akureyrarbæjar Ásthildar Sturludóttur. Í fundarboðinu segir að bæjarstjóri hafi áhuga á að ræða við fulltrúa EBAK um framkomna ósk félagsins til bæjarins um að gerð verði viðhorfskönnun hjá 60 + á Akureyri árið 2019, í samstarfi við Háskólann á Akureyri.  
Fundinn sátu Ásthildur, Hulda Sif, Halldór S. Guðmundsson, forstöðumaður Öldrunarheimila Akureyrar, fulltrúi búsetusviðs Akureyrarbæjar Laufey Þórðardóttir og frá EBAK Haukur og Halldór. Jákvæðar undirtektir voru um gerð könnunar af þessu tagi. Óskuðu fulltrúar EBAK eftir að fá svar frá Akureyrarbæ um framhald málsins sem fyrst. Á fundinum óskuðu fulltrúar EBAK eftir að stjórn félagsins fái til umsagnar nýjar samþykktir fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar áður en þær verði afgreiddar af bæjarstjórn. Þessu var einnig vel tekið.
- b) Fulltrúar EBAK í öldungaráði Akureyrarbæjar, þau Halldór, Sigríður og Valgerður hafa skoðað ný drög að samþykktum fyrir Akureyri, nýjar samþykktir fyrir öldungaráðið í Reykjavík o.fl.
- c) Starfsmannamál í Bugðusíðu. Gerður hefur verið nýr starfssamningur við Sunnu Dögg Tavsén starfsmann EBAK í Bugðusíðu. Fyrri samningur rann út 31. des. 2018. Nýi samningurinn er ótímabundinn með þriggja mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu. Rætt var um að nauðsynlegt sé að stjórn félagsins fundi af og til með starfsmönnum EBAK í Bugðusíðu.
- d) Fjórir nýir hátalarar hafa verið settir upp í salnum í Bugðusíðu. Pálmi Stefánsson sá um að fá þá og hann ásamt Birni Sigmundssyni og Braga Sigurðssyni sáu um uppsetninguna.
- e) Húsnæðisnefnd EBAK – Beðið eftir fundarboði frá Akureyrarbæ.

## 6. Helstu verkefni stjórnar í byrjun vorannar 2019:

- a) Skýrsla til LEB í febrúar,
- b) Skýrsla til Akureyrarbæjar að loknum aðalfundi.
- c) Námskeið á vegum stjórnar og fræðslunefndar:
  - Bricdnámskeiðið í skoðun hjá fræðslunefnd.
  - Sundnámskeið er í vinnslu. Ragnheiður Runólfsdóttir íþróttakennari mun sjá um kennsluna. Námskeiðið verður haldið í Glerárlaug. Halldór og Dóra sjá um undirbúning.
  - Matreiðslunámskeiði frestað fram í mars vegna veikinda kennarans. Umsjón hefur Garðar.
  - Árlegt tölvunámskeið í MA er í vinnslu hjá fræðslunefnd.
- d) Fyrirhugaður er samráðsfundur stjórnar og fræðslunefndar EBAK strax eftir aðalfund um dagskrá næsta starfsárs í Bugðusiðu.
- e) Fundur með uppstillinganefnd EBAK verður haldinn 16. janúar nk. Halldór undirbýr þann fund. Hann hefur m.a. rætt við formenn nefnda félagsins og fengið upplýsingar um þá fulltrúa sem hætta störfum á næsta aðalfundi o.fl.  
Breytingar í stjórn verða þessar á aðalfundi EBAK 25. mars nk:  
Halldór og Kolbrún hætta (4 ára reglan).  
Halldóra Hrönn (2 ár í aðalstj.) gefur ekki kost á sér áfram.  
Hallgrímur (2 ár í aðalstj.) gefur kost á sér áfram.  
Birgir B Svavarsson (1 ár í varastj.) gefur kost á sér í aðalstjórn.  
Egill Jónsson (2 ár í varastj.) gefur kost á sér áfram í varastjórn
- f) Skráning þátttöku á viðburði í Bugðusiðu og annars starfs á vegum EBAK. (8. liður)
- g) Rætt var um að halda opinn kynningarfund um starfsemi á vegum EBAK í boði stjórnar og fræðslunefndar. Margréti falið að koma boðum til fræðslunefndar.

## 7. Kl. 14 komu gestir fundarins þær Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir

fulltrúar í öldungaráði Akureyrarbæjar. Tilefnið var að ræða fyrirliggjandi drög bæjarlögmanns Akureyrarbæjar að nýjum samþykktum fyrir öldungaráð o.fl.

Haukur bauð gestina velkomna og gaf Halldóri orðið en hann er einn af fulltrúum EBAK í öldungaráði. Halldór greindi frá því að þau þrjú, fulltrúar EBAK í öldungaráði, hefðu á fundi sínum 4. janúar sl. yfirfarið og rætt fyrirliggjandi drög lögmanns Akureyrarbæjar að nýjum samþykktum fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar og borið þau saman við samþykktir Reykjavíkurborgar. Þá voru samþykktir öldungaráðs Akureyrarbæjar frá árinu 2015 skoðaðar til samanburðar.

Á stjórnarfundinum lögðu öldungaráðsfulltrúarnir Halldór, Sigríður og Valgerður fram skriflega greinargerð með athugasemdum og tillögum um breytingar á drögum bæjarlögmanns m.a. með t.l.t. samþykta í Reykjavík og eldri samþykta hjá Akureyrarbæ, auk fleiri atriða. Gagnleg og góð umræða fór fram á fundinum um gerð nýrra samþykta fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar.

Fram kom á fundinum að boðað hefur verið til fundar í öldungaráði þann 10. janúar 2019, þar sem aðalmál fundarins verður umræða og skoðanaskipti um samningu nýrra samþykta fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar.

### Á stjórnarfundinum EBAK 9. janúar 2019 var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða:

Félag eldri borgara á Akureyri óskar eftir að fá til umsagnar nýja samþykkt fyrir öldungaráð Akureyrarbæjar áður en hún verður lögð fram á fundi bæjarstjórnar Akureyrar til afgreiðslu. Nýjar samþykktir fyrir öldungaráð eru enn í vinnslu. Þær verða m.a. á dagskrá fundar öldungaráðs 10. janúar nk.

Núgildandi samþykktir öldungaráðs sem tóku gildi 9. júlí 2015 voru unnar í góðu samstarfi EBAK og Akureyrarbæjar.

## **Framhald af lið 6: Helstu verkefni stjórnar í byrjun vorunnar 2019:**

h) Notendaráð félagsmiðstöðvanna. Umræðu frestað.

i) Endurskoða á starfslýsingar fastanefnda EBAK á árinu 2019 samkvæmt yfirlýsingu stjórnar frá 2016. Einnig þarf að semja starfslýsingu fyrir golfnefnd félagsins sem starfað hefur síðan 2016 á vegum stjórnar. Á aðalfundi félagsins 2018 var hún gerð að fastanefnd. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort skrifa á starfslýsingar fyrir klúbba félagsins. Halldór og Hallgrímur tóku að sér að endurskoða starfslýsingarnar í samstarfi við nefndirnar.

j) Breytingar á samþykktum EBAK á aðalfundi 25. mars 2019. Hallgrími og Halldóri var falið að skoða hvort breytinga er þörf á samþykktum félagsins á aðalfundi.

k) Almennt um starfsemi EBAK á vorönn – stundaskrá í Bugðusíðu skoðuð. Koma þarf nýrri starfsemi inn á vefinn.

- 8. Skráning viðburða og fjölda gesta** í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu í Access gagnagrunni og dagbók. Reglur og fyrirmæli um skráninguna þurfa að vera í starfslýsingum nefnda félagsins og hjá starfsmönnum EBAK. Formenn nefnda þurfa að sjá um að upplýsingar um þátttöku í viðburðum á vegum nefndanna fari inn í gagnagrunninn. Hallgrímur upplýsti að 1324 einstaklingar hefðu komið í Bugðusíðu í nóvember og 841 í desember.
- 9. Afsláttarbókin.** Skil á efni til LEB frá EBAK fyrir 15. janúar nk. Garðar sendir það til FEB þ.e. Félags eldri borgara í Reykjavík sem sér um útgáfu á afsláttarbókinni fyrir LEB.
- 10. Könnun** á líðan, kjörum og viðhorfi eldri borgara á Akureyri. Beðið svars frá Akureyrarbæ.
- 11. Sími** og tölvumál í Bugðusíðu. Garðari og Hallgrími var falið sl. haust að skoða rekstrarkostnað félagsins vegna síma- og tölvutenginga í Bugðusíðu og kostnað vegna þjónustu Stefnu hugbúnaðarhúss við félagið. Niðurstaða þessarar skoðunar er að félagið getur náð fram sparnaði á ársgrundvelli u.þ.b. kr. 70.000.
- 12. Notkun** á snjallsímum, spjaldtölvum og tölvum meðal eldri borgara. Skipa þarf nefnd til þess að vinna að málinu. Verður rætt á næsta stjórnarfundum. Garðar er með málið í athugun.
- 13. Stofnun dansklúbbs EBAK,** Halldór, Hallgrímur og Dóra eru að vinna að stofnun dansklúbbs.
- 14. Önnur mál.**
  - a) Lok tiltektar á skrifstofu 31. janúar 2019. Halldór, Hallgrímur og Dóra vinna í því.
  - b) Dóra benti á að Linda og Dögg þurfa aðstoð við Pálínukaffið.
  - c) Dóra, Birgir og Garðar hafa unnið að lagfæringum á félagaskrá EBAK.
  - d) Fræðslunefnd óskaði eftir 200.000 kr. upp í útlagðan kostnað fræðslunefndar. Samþykkt.
  - e) Erindi frá Lindu Sigfúsdóttur starfsmanni EBAK. Linda óskar eftir að EBAK kaupi snjallsjónvarp sem sett verði upp í litla herberginu við hliðina á salnum í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu. Samþykkt.

Fundi slitið.

Margrét Pétursdóttir